# REGLUGERÐ

**107**
**30. júlí**

## um skiptingu læknishéraða í þrjá launaflokka.

1. gr.

Samkvæmt fyrirmælum í 12. gr. laga nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins, og að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um skiptingu læknishéraða í þrjá launaflokka:

I. Í fyrsta launaflokki, er svarar til VI. launaflokks nefndra launalaga, skulu vera þessi læknishéruð:

1. Álafosshérað
2. Akraneshérað
3. Kleppjárnsreykjahérað
4. Búðardalshérað
5. Reykhólahérað
6. Flateyjarhérað
7. Bíldudalshérað
8. Bolungarvíkurhérað
9. Ísafjarðarhérað
10. Súðavíkurhérað
11. Djúpavíkurhérað
12. Höfðahérað
13. Hofsóshérað
14. Siglufjarðarhérað
15. Grenivíkurhérað
16. Breiðumýrarhérað
17. Kópaskershérað
18. Þórshafnarhérað
19. Vopnafjarðarhérað
20. Norður-Egilsstaðahérað
21. Austur-Egilsstaðahérað
22. Bakkagerðishérað
23. Búðahérað
24. Djúpavogshérað
25. Hafnarhérað
26. Kirkjubæjarhérað
27. Víkurhérað
28. Vestmannaeyjahérað
29. Hvolshérað
30. Helluhérað
31. Laugaráshérað
32. Hveragerðishérað
33. Keflavíkurhérað
34. Hafnarfjarðarhérað
35. Kópavogshérað

II. Í öðrum launaflokki, sem svarar til VII. launaflokks launalaga, skulu vera þessi læknishéruð:

1. Borgarneshérað
2. Ólafsvíkurhérað
3. Stykkishólmshérað
4. Þingeyrarhérað
5. Flateyrarhérað
6. Hólmavíkurhérað
7. Hvammstangahérað
8. Ólafsfjarðarhérað
9. Dalvíkurhérað
10. Húsavíkurhérað
11. Eskifjarðarhérað
12. Selfosshérað
13. Eyrarbakkahérað

III. Í þriðja flokki, er svarar til X. launaflokks launalaga, skulu vera þessi læknishéruð:

1. Patreksfjarðarhérað
2. Blönduóshérað
3. Sauðárkrókshérað
4. Seyðisfjarðarhérað
5. Neshérað

2. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað, og kemur til framkvæmda 1. janúar 1956. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 48 13. marz 1953.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 30. júlí 1956.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Gústav A. Jónasson.*